

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

2. tbl. 25. árgangur • mars 2014





Forsíðumynd

Wanda Wojciechowska er á forsíðunni. Hún starfar hjá Vísi hf. á Húsavík og hefur gert það frá árinu 2005. Wanda er ein af þeim fjölmörgu sem sótt hafa fundi á vegum Framsýnar síðustu vikurnar þar sem kjaramál hafa verið til umræðu.

Ábyrgir talningamenn



Það hefur þó nokkuð verið að gera hjá kjörstjórnnum stéttarfélaganna þar sem kosningar hafa staðið yfir síðustu vikurnar um kjarasamninga og sáttatillögu ríkissáttasemjara. Hér eru þau Svala Björgvinsdóttir og Þórður Jakob Adamsson að störfum við talningu en þau eru bæði í kjörstjórn Framsýnar.

Ótrúleg kjarabót



Stéttarfélagin hafa sparað félagsmönnum tæpar 5 milljónir í ferðakostnað á þremur mánuðum. Erla Torfa og aðrir góðir félagsmenn nýta sér flugið og brosa sínu breiðasta yfir þessari góðu kjarabót.

Ein besta kjarabót sem stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa samið um á síðari árum fyrir félagsmenn er samkomulagið sem þau gerðu við Flugfélagið Erni um afsláttarkjör á flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Frá því að stéttarfélagin fóru að bjóða félagsmönnum upp á þessi vildarkjör í nóvember 2013 hafa félagin selt 540 flugmiða sem spara félagsmönnum tæpar 5 milljónir sé tekið mið af miðlungs fargjaldi

og jafngildir 28 fullum flugvélum af farþegum. Samkomulagið um afsláttarkjörin gildir til 1. maí 2014. Vilji er til þess að halda samstarfinu áfram en flugfélagið hefur boðað verðhækkun til félaganna með vorinu, ekki síst vegna flugvallar skatta.

Vilt þú komast á Nordisk Forum?

Nú styttestið óðum í ráðstefnuna Nordisk Forum sem haldin verður í Malmö í byrjun júní. Á ráðstefnunni koma saman konur frá öllum Norðurlöndunum til að ræða jafnréttismál og framtíðina. Í þau tvö skipti sem ráðstefnan hefur verið haldin hafa íslenskar konur ekki látið sitt eftir liggja. Starfsgreinasambandið sem Framsýn á aðild að hefur tekið saman upplýsingar fyrir áhugasamar konur en konur innan Framsýnar eru hvattar til að hafa samband við félagið til að fá nánari upplýsingar um ráðstefnuna og styrki til ferðarinnar. Hægt er að fræðast nánar um ráðstefnuna inni á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is

Áhugaverð síða

Ný heimasíða Raufarhafnar fór í loftið 7. febrúar síðastliðinn www.raufarhofn.is. Síðan fjallar um málefni og daglegt líf á Raufarhöfn. "Við hvetjum alla til að skoða síðuna og deila henni til vina og vandamanna. Einnig hvetjum við fólk til að koma efni á framfæri til síðustjórnenda. Með ykkar þátttöku verður síðan lifandi og skemmtilegur vettvangur fróðleiks og umræðu um byggðarlögin á komandi dögum, mánuðum og árum," segir í fréttatilkynningu frá aðstandendum síðunnar.

Starfsmenn sveitarfélaga



Framsýn boðar til félagsfundar með starfsmönnum sveitarfélaga þriðjudaginn 11. mars kl. 20:00 í fundarsal félagsins. Á fundinum verður kallað eftir ábendingum starfsmanna vegna breytinga á kjarasamningi félagsins við sveitarfélögin. Áriðandi er að sem flestir mæti og taki þátt í mótun kröfugerðarinnar. Þeir sem komast ekki á fundinn geta sent ábendingar á netfangið kuti@framsyn.is



Niðurstaðan klár



Þegar Fréttabréfið fór í prentun var ótalið hjá Framsýn, Þingið og Verkalýðsfélagi Þórshafnar úr atkvæðagreiðslu um sáttatillögu ríkissáttasemjara. Hægt er að sjá niðurstöðuna á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is. Hér má sjá iðnaðarmenn fara yfir sín kjaramál, greinilega ungir hugsuðir hér á ferð.

Engin hækkun milli ára

Þrátt fyrir töluverðar kostnaðarhækkunar milli ára hafa stéttarfélagin ákveðið að hækka ekki leigugjaldið til félagsmanna vegnar dvalar í orlofshúsum sumarið 2014. Þannig vilja þau koma til móts við félagsmenn sem vonandi kunna vel að meta þessa ákvörðun félaganna.

Ályktað um Dettifossveg

Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Framsýnar á dögnum var ályktað um mikilvægi Dettifossvegar þar sem frekari töfum á uppbyggingu vegarins er mótmælt. Ályktunin er svohljóðandi: „Framsýn, stéttarfélag skorar á innanríkisráðherra að hlutast til um að seinni áfangi Dettifossvegar frá Dettifossi að Þjóðvegi í Kelduhverfi verði boðinn út án frekari tafa í samræmi við samgönguáætlun. Uppbygging Dettifossvegar er mikilvægur þáttur í að efla atvinnulífið á svæðinu, ekki síst ferðaþjónustuna og þau framleiðslufyrirtæki sem treysta á útflutning frá höfnum á Austurlandi s.s. með Norrænu.“

Afsláttur hjá Frumherja

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum eru með samning við Frumherja um að veita félagsmönnum 20% afslátt af reglubundinni skyldusköðun ökutækja á þeirra vegum. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá kort um að þeir séu fullgildir félagsmenn. Þessi afsláttur gildir einnig fyrir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar sem geta nálgast frekari upplýsingar á skrifstofu félagsins á Þórshöfn.

Kynslóðaskipti í Pistilfirði

Töluvert er um að ungir bændur hafi verið að taka við búrekstri í Pistilfirði og á Langanesi, ekki síst af foreldrum sínum. Þetta er mjög jákvæð þróun sem hefur styrkt samfélagið á svæðinu til muna. Þessi ungi maður er dæmi um nýliðunina en hann ber nafnið Ragnar Geir Axelsson og býr á Gunnarstöðum í Pistilfirði. Hér er hann að hjálpa foreldrum sínum að sópa garðana í fjárhúsinu á Gunnarstöðum. Ekki er ólíklegt að hann taki við af foreldrum sínum þegar hann verður aðeins eldri.



Áhugi fyrir því að stækka félagssvæðið

Gríðarlegur áhugi er fyrir því meðal launþega sem starfa utan félagssvæðis Framsýnar að ganga í félagið, sérstaklega hjá verkafólki á Eyjafjarðarsvæðinu. Fram að þessu hefur það ekki verið auðvelt þar sem reglur félagsins miðast við að félagið nái yfir ákveðið félagssvæði í Þingeyjarsýslum. Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs í febrúar var samþykkt að fela formanni að skoða hvort hægt sé að breyta lögum félagsins þannig að félagssvæðið verði landið allt, það er kosti þess og galla. Það verður gert í samráði við lögmenn félagsins og síðan borið undir Alþýðusamband Íslands. Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða: „Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar samþykkir að fela formanni í samstarfi við lögmenn félagsins að undirbúa lagabreytingu fyrir næsta aðalfund félagsins sem áætlaður er í mars 2014. Um er að ræða breytingu á 1. grein félagslaga sem fjallar um heiti og starfssvæði. Við það verði miðað að félagssvæði Framsýnar verði landið allt.“



Í skoðun er að stækka félagssvæði Framsýnar. Miðað við þessa mynd hefur fólk á öllum aldri áhuga fyrir starti félagsins.

Félagsmenn Þingiðnar í leikhús

Stjórn Þingiðnar hefur ákveðið að standa fyrir leikhúsfærð fyrir félagsmenn og maka þeirra í Breiðumýri í lok þessa mánaðar auk þess að bjóða upp á kvöldverð. Um þessar mundir er Leikdeild Eflingar að æfa nýtt leikrit eftir Hörð Benónýson. Þegar nær dregur munu félagsmenn fá bréf með helstu upplýsingum um leikhúsfærðina.



Félagsmenn Þingiðnar eru áhugasamir um leiklist. Þeir stefna ásamt mökum í Reykjadalinn síðar í þessum mánuði eða í byrjun apríl.

Nýr varaformaður

Heiðurskonan Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður Framsýnar til fjölda ára hefur ákveðið að stiga til hliðar og hleypa nýjum varaformanni að. Einhugur var innan Kjörnefndar Framsýnar að gera tillögu um Ósk Helgadóttir baráttukonu úr Fnjóskadal í embættið en Ósk er kraftmikil kona sem nýtur mikillar virðingar og er þekkt fyrir dugnað og aðkomu sína að félagsmálum. Það verður án efa fengur fyrir Framsýn að fá slíka konu til frekari starfa en hún hefur setið í trúnaðarmannaráði Framsýnar frá árinu 2010. Þar sem ekki bárust aðrar tillögur frá félagsmönnum fyrir auglýstan frest liggur fyrir að Ósk mun taka við embættinu á næsta aðalfundi Framsýnar sem haldinn verður í apríl.



Drottningarnar tvær við Konungshöllina í Svíþjóð. Á næsta aðalfundi mun Ósk Helgadóttir taka við af Kristbjörgu Sigurðardóttur sem varaformaður Framsýnar. Mynd: Einar Magnús Einarsson

Ósk Helgadóttir er fædd á Borgarfirði eystri 11. júní 1963. Hún hleypti heimdraganum ung að árum, tilheyrði stétt farandverkafólks og vann ýmis störf víðsvegar um landið, mest við fiskvinnslu og þá lengst af í Grímsey. Ósk er búsett í Fnjóskadal og hefur starfað við Stórutjarnaskóla mörg undanfarin ár. Hún er gift Stefáni Tryggvasyni og saman eiga þau þrjú uppkomin börn. Ósk er handverkskona og vinnur mest úr horni og beinum. Þá hefur hún verið virkur þátttakandi í félagi Handverksskvanna milli heiða til margra ára, en félagið á og rekur Goðafossmarkað á Fosshóli, er hún þar formaður stjórnar. Ósk hefur verið öflug í ýmsu félagsstarfi á svæðinu. Hún er mikill náttúruunnandi og gönguferðir um fjöll og firnindi hafa verið áhugamál hennar um áratuga skeið. Ósk skrifaði grein inn á vef Framsýnar sl. haust undir heitinu: Kæri bankastjóri, greinin sú vakti mikla athygli og hitti beint í hjarta landans en yfir 21.000 manns hafa lesið greinina. Ósk var ein af 6 einstaklingum sem tilnefndir voru sem Þingeyingur ársins á 641.is 2013.



Ósk hefur gaman af útivist og hér er hún á Dyrfjallssúlu með fánan góða. Mynd: Magnús Þórarinnsson

Jóna áfram formaður

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var haldinn í fundarsal stéttarfélaganna fimmtudagskvöldið 30. janúar 2014. Á síðasta ári greiddu 187 manns til félagsins, þar af eru konur í miklum meirihluta eða 146 á móti 41 karlmanni. Jóna Matthíasdóttir var endurkjörin formaður deildarinnar. Aðrar í stjórn og varastjórn eru Jónína Hermannsdóttir, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Katarzyna Osipowska og Emilía Aðalsteinsdóttir. Hægt er að fræðast frekar um fundinn inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is



Jóna Matthíasdóttir fer fyrir Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar og gerir það með miklum stæl enda með magnaðar konur sér við hlið í stjórninni.

Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum; Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum sínum upp á sameiginlega orlofskosti í sumar eins og undanfarin ár.

Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávisanir á Gistihúsi Keflavíkur og Hótél Keflavík, Foss- og Edduhótélum, gisting á farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupna á útilegukortum.

Hótél Keflavík, Gistihús Keflavíkur, Bed/Breakfast Keflavík, Foss-hótél Barón í Reykjavík, Fosshótél Lind í Reykjavík og nokkur Farfuglaheimili eru opin allt árið og gildir afsláttur til félagsmanna þar einnig yfir vetrarmánuðina.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum. Leitast er við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutað orlofshúsi.

Umsóknarfrestur er til 4. apríl

Leiguverð sumarið 2014

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði óbreytt milli ára kr. 24.000 á viku í sumar. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsofi er í stofu og tvær aukadýnur. Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Flókalundur - Barðaströnd



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir feegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og

þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikil er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 10



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með kóju. Þvottavél er í orlofshúsinu. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús Illugastöðum



Í boði er 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kójum. Í stofu er svefnsofi. Við húsið er góð verönd með heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug.

Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félagin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherberjum, einu með hjónarúmi og hinum með kójum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 31. maí til 30. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Orlofshús Eiðum-MIKIÐ ENDURBÆTT



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Orlofshús á Einarsstöðum



Sumarhúsin að Einarsstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð bústaðarinnar er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnadstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og kója yfir en í þriðja herberginu eru kójur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1000 kr. á rúmið og 300 fyrir baðhandklæði, (sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni).

Umsóknarfrestur og úthlutun

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna www.framsyn.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 4. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi

Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri kjoja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshúsið Lyngás 8 Grímsnesi

Í boði er stórt orlofshús, um 100 m² (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m² svefnloft með tveimur tvíbreiðum rúmmum og einu einbreiðu rúmi. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km

frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum. Athugið, myndin er ekki af rétta orlofshúsinu sem stéttarfélagin eru með á leigu en það er mjög svipað húsinu á myndinni.

Orlofshús Ölfusborgum

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m² með þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið.

Porrasalir 1-3 í Kópavogi

Í boði eru fjórar glæsilegar þrjúgjga herbergja íbúðir í Porrasalum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefn-

stæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Porrasali en fjölbylishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Sólheimar 23 Reykjavík

Íbúðin í Sólheimum er í eigu Starfsmannafélags Húsavíkur. Íbúðin er þrjúgjga herbergja og aðeins leigð til félagsmanna í STH. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum. Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.

Íbúðin er leigð út af Bæjarskrifstofunni og gefa Ása Gísladóttir sími 464-6103 eða Guðfinna Baldvinsdóttir síma 464-6102 upplýsingar um hana. Umsjónarmaður íbúðar í Reykjavík er Bragi Halldórsson símar 553-5083 og 899-5082

Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum stéttarfélaganna býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru víða um land:

Fosshótel Lind, Rauðarárstígur 18, 101 Reykjavík
Fosshótel Baron, Barónstígur 2, 101 Reykjavík
Fosshótel Reykholt, 320 Reykholt
Fosshótel Húsavík, Ketilsbraut 22, 640 Húsavík
Fosshótel Dalvík, Skíðabraut 18, 620 Dalvík
Fosshótel Núpar, Núpar, 880 Kirkjubæjarklaustur
Fosshótel Vatnajökull, Lindarbakka, 781 Hornafjörður
Fosshótel Laugar, 650 Laugar
Fosshótel Vestfirðir, Aðalstræti 100, 450 Patreksfjörður
Fosshótel Austfirðir, 750 Fáskrúðsfjörður

Í boði er tveggja manna herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn sjá sjálfir um að bóka gistinguna og kaupa síðan gistiávisun á Skrifstofu stéttarfélaganna.

- Almennt verð fyrir gistinóttina er kr. 7.000 með niðurgreiðslu.
- Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.
- Aukarúm kostar kr. 5.500 með morgunmat.
- Frá 1. júní til 31. ágúst þarf að greiða með 2 gistimiðum fyrir hverja nótt á Fosshótelum sem gerir kr. 14.000.

Gistimiðar gilda ekki á Menningarnótt, Fiskideginum mikla á Dalvík og á Mæruðögum á Húsavík.

FOSSHOTEL

Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á 12 Edduhótelum sem staðsett eru um allt land. Hótelin eru: ML Laugarvatni, IKI Laugarvatni, Skógar, Höfn, Neskaupsstaður, Egilsstaðir, Akureyri, Stórutjarnir, Vík, Laugarbakki, Sælingsdalur og Ísafjörður.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppþúð tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelid leggur til dýnur. Félagsmenn fá góðan afslátt og að auki niðurgreiða stéttarfélagin hverja nótt um kr. 2.250,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótélum eftir tímabilum. Nánari upplýsingar á www.hoteledda.is



Gisting á Gistihúsi Keflavíkur



Stéttarfélagin hafa samið við Gistihús Keflavík/ Bed-Brekfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félagin hverja gistinótt um kr. 2.000,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að

Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalinn í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausi brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.



Gisting á Akureyri

Stéttarfélagin eru með samning við Hótel KEA og Hótel Norðurland á Akureyri um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst ódýr gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurlugvöll.

Félagsmenn kaupa gistiávisun á skrifstofu stéttarfélaganna og bóka gistingu á hótlinu. Í boði er einmennings-, tveggja manna- og fjölskylduherbergi. Félagin niðurgreiða einnig gistinóttina um kr. 2.000 fyrir hvern fullgildan félagsmann.

Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaut. Nánari upplýsingar á www.hotelkeflavik.is



Gistiheimili Keflavíkur



Stéttarfélagin hafa samið við Gistiheimili Keflavíkur um ódýra gistingu fyrir félagsmenn sem ferðast milli landa. Gistiheimilið er í eigu sömu aðila og reka Hótel Keflavík. Félagsmenn greiða kr. 5.800 fyrir tveggja manna herbergi með morgunverði. Gisting í eins manns herbergi með morgunverði er á kr. 3.800,-. Gestir þurfa að

deila snyrtingu með öðrum gestum en tvö baðherbergi fylgja sex herbergjum. Rétt er að taka fram að þetta er vetrarverð. Verðið hækkar svo sumarið 2014 um kr. 2.000 á herbergi. Innifalið í verðinu er einnig geymsla á bíl. Gistiheimilið er við Vatnsnesveg 9 í Keflavík, það er á móti Hótel Keflavík. Innritun gesta á Gistiheimili Keflavíkur fer fram á Hótel Keflavík. Þar geta gestir einnig gengið að góðum morgunverði og annarri þjónustu á vegum hótelsins. Verðin sem gefin eru upp í þessari lýsingu eru eftir niðurgreiðslur stéttarfélaganna og afsláttarkjör sem félagin sömdu um við Gistiheimili Keflavíkur. Það er endanlegt verð.

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gisting á farfuglaheimilum en þau eru 36 og staðsett um allt land.

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng, kodd, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi.

Gistiávisanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.



Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félagin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félagin þurfi að greiða um 60 til 70.000 í leigu fyrir vikuna. Leiguverðið í sumari til félagsmanna verður kr. 24.000,-. Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar að hafa húsin á leigu. Þannig niðurgreiða stéttarfélagin hverja viku niður fyrir félagsmenn um allt að 40.000 kr. per. viku.

Útilega í boði þíns stéttarfélags

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 18.000,-.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagismaður hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Stéttarfélagin hafa samið við Bílaleigu Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélagin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýttir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingið, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afsláttari fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Miðar í Hvalfjarðargöng til sölu

Stéttarfélagin hafa til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið per. miða er kr. 650,-. Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá miðana á sama verði hjá skrifstofu félagsins á Þórshöfn



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Afsláttur í leikhús

Stéttarfélagin hafa ákveðið að niðurgreiða leikhúsmiða á uppsetningu Leikfélags Húsavíkur á leikverkinu „Sitji Guðs englar“ í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar og Margrétar Sverrisdóttur. Leikritið



fjallar um stóra fjölskyldu á stríðsárunum, gleði þeirra og sorgir. Áður en félagsmenn fara í leikhúsið þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og taka afsláttarmiða sem þeir framvísa í leikhúsinu þegar þeir greiða fyrir miðann. Takið eftir, ekki er hægt að koma eftir á og fá afsláttarmiða.

Sundrung og stormasamir kjarasamningar



Pegar þetta er skrifað stendur yfir atkvæðagreiðsla um sáttatillögu ríkissáttasemjara sem hann lagði fram 21. febrúar 2014 í kjaradeilu Framsýnar og Samtaka atvinnulífsins. Áður höfðu félagsmenn Framsýnar fellt kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 21. desember 2013. Framsýn ásamt öðrum stéttarfélögum innan SGS var aðili að þeim samningi fyrir utan Flóabandalagsfélögin. Innan Starfsgreinasambandsins eru nítján stéttarfélög.

Kjarasamningurinn fór í ruslflokk

Eins og fram hefur komið var kjarasamningurinn kolfelldur. Auk Framsýnar neituðu fjögur félög innan Starfsgreinasambandsins að skrifa undir kjarasamninginn þar sem þau töldu hann ekki boðlegan verkafólki. Í kjölfarið komu allskonar ásakanir í garð þessara félaga frá forystumönnum Alþýðusambands Íslands. Gert var lítið úr málf lutningi talsmanna áður en félagar kjarasamninganna komu til ályðingarmanna. Þessu er varaðir við að tala við lýðskrumarana svokölluðu. Auk þess var „Facebook“ síða Alþýðusambandsins notuð til að koma höggi á félögin, m.a. með því að birta grein Sighvats Björgvinssonar sem hann skrifaði í Fréttabréfið á gamlársmorgun. Í greininni fer hann öfögrum orðum um málf lutning stéttarfélaganna sem höfðu það að leiðarljósi að berjast fyrir kjörum þeirra lægst launuðu og sambærilegum skattalækkunum til allra, ekki bara til þeirra tekjuhærra. Undarleg jafnaðarmennska hjá svokölluðu jafnaðarmanni, Sighvati Björgvinssyni, sem lagðist í skrifum sínum gegn þessum jöfnuði.

Djúpstæður ágreiningur

Þetta sýnir þá djúpstæðu gjá sem er innan verkalýðshreyfingarinnar, meðan forystumenn ASÍ héldu uppi áróðri gegn félögum fimm var alþýðan á bandi félaga auk þess sem fjölmiðlar fjölluðu málefnalega um stöðuna og gáfu fimmmenningunum tækifæri á að koma sínum viðhorfum á framfæri. Undirritaður hefur móttekið ófá símtöl, pósta og kveðjur með baráttukveðjum fyrir að halda málf lutningi láglaunafólks á lofti. Fyrir það ber að þakka. Þá hefur umsókn um félagsaðild frá verkafólki sem starfar fyrir utan félagsvæði Framsýnar fjölgað verulega, sérstaklega frá Eyjafjarðarsvæðinu.

Það að kjarasamningurinn skyldi felldur af félagsmönnum víða um land staðfestir málstað okkar sem lögðumst gegn kjarasamningnum. Að sama skapi fór lítið fyrir gleðinni hjá þeim formönnum sem höfðu lagt mikla áherslu á að samningarnir yrðu samþykktir þrátt fyrir að innihaldið væri afar rýrt. Reyndar eru sumir þeirra ekki enn búnir að jafna sig eftir áfallið en munu væntanlega taka „gláðir“ við þeirri kjarabót sem felst í sáttatillögu ríkissáttasemjara verði hún samþykkt af félagsmönnum. Sáttatillagan kemur þá til viðbótar þeim kjarasamningi sem var felldur í atkvæðagreiðslunni í janúar.

Fjórðungur erlendir starfsmenn

Eins og fram hefur komið var skrifað undir kjarasamninga 21. desember milli Samtaka atvinnulífsins og landssambanda innan ASÍ. Kjarasamningarnir voru síðar felldir víða um land enda ekki boðlegir verkafólki og/eða iðnmenntuðu fólki. Tveimur mánuðum síðar, 21. febrúar, lagði ríkissáttasemjari fram sáttatillögu sem er til afgreiðslu hjá stéttarfélagunum um þessar mundir. Atkvæðagreiðslu um tillöguna lauk fimmtudaginn 6. mars. Athygli vakti að af þeim 823 félagsmönnum sem voru á kjörskrá Framsýnar og starfa eftir almenna kjarasamningnum voru 25% erlendir starfsmenn eða um 200 félagsmenn. Eftir þessum kjarasamningi starfa m.a. fiskvinnslufólk, starfsfólk við kjötvinnslu, ferðaþjónustu, bílstjórar og ræstingafólk.



Gefið til góðra verkefna

Verkalýðsfélag Þórshafnar gaf nýlega tvö borðtennisborð í Íþróttamiðstöðina á Þórshöfn sem kosta um 150.000 krónur. Þau eru góð viðbót í húsið sem er vinsælt heim að sækja. Félagið hefur einnig komið að því styrkja uppbyggingu á nýjum útsýnispall við Stóra-Karl á Langanesi.



Meðbyrinn sem hvarf

Í stað þess að nýta sér stöðuna og meðbyrinn sem var til staðar eftir að kjarasamningurinn var felldur til góðra verka fyrir félagsmenn SGS, stofnaði formaður sambandsins og Einingar-löju gengi til höfuðs tveimur formönnum, undirrituðum og Vilhjálmi Birgissyni formanni Verkalýðsfélags Akraness. Einingargengið var ræst út og fór í viðræður við Samtök atvinnulífsins án aðkomu Framsýnar og Verkalýðsfélags Akraness sem endaði með því að ríkissáttasemjari lagði fram sáttatillögu. Skyttur tvær frá Húsavík og Akranesi voru settar á bekkinn enda of kröfuharðar. Svona vinnubrögð eru forkastanleg svo ekki sé meira sagt. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að félögin tvö, Framsýn og Verkalýðsfélag Akraness, njóta mestrar virðingar meðal félagsmanna allra stéttarféлага innan Starfsgreinasambands Íslands. Árangur Framsýnar er einstakur þar sem 97% félagsmanna sögðust ánægðir með starfsemi félagsins og 3% tóku ekki afstöðu. Þessa könnun framkvæmdi Starfsgreinasamband Íslands fyrir nokkrum árum. Framsýn kallar eftir nýrri viðhorfskönnun meðal félagsmanna sambandsins.

Í ljósi þessa er athyglisvert að svokallaðir samherjar í verkalýðshreyfingunni skuli nota hvert tækifæri sem þeir hafa til að stinga sveðjum í bakið á formanni Framsýnar og Verkalýðsfélags Akraness.

Baráttan skilaði árangri

Varðandi síðustu kjarasamninga er gleðilegt að baráttu þeirra félaga sem neituðu að skrifa undir kjarasamninginn, þar sem hann væri ekki boðlegur verkafólki, skilar verkafólki auknum kjarabótum í gegnum sáttatillögu ríkissáttasemjara í formi hærra desemberuppbótar, orlofsuppbótar og eingreiðslu fyrir janúar. Baráttan skilaði sýnilegum árangri. Niðurstaðan hefði getað orðið betri en samstöðuleysið kom í veg fyrir það, sem skrifast á þá verkalýðsforingja sem klufu hreyfinguna.

Mín skoðun er sú að það sé betra að synda á móti straumnum í stað þess að fljóta dauður með straumnum. Það mun ég gera áfram með hagsmunum félagsmanna að leiðarljósi.

Aðalsteinn Á. Baldursson

Kynning á sáttatillögu ríkissáttasemjara

Kynning á sáttatillögu ríkissáttasemjara vegna Framsýnar, VP, þingmálaráðgjafi og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 21. febrúar 2014.

Grundvallaratriði samningsins:

Um er að ræða viðauka við kjarasamninginn sem var undirritaður 21. desember 2013 og var felldur af félagsmönnum. Nýi kjarasamningurinn gildir frá 1. febrúar 2014 til 28. febrúar 2015. Samninginn í heild má finna á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is undir tilkynningar.

Til viðbótar kjarasamningnum frá því í desember hækkar orlofs- og desemberuppbætur fyrir fullt starf samtals um kr. 32.300 frá gildandi kjarasamningi.

Uppbætur:

Orlofsuppbótin fer úr 28.700 krónum í 39.500
Desemberuppbótin fer úr 52.100 krónum í 73.600

Eingreiðsla

Þar sem samningurinn gildir frá 1. febrúar kemur til eingreiðsla kr. 14.600 vegna janúarmánaðar miðað við fullt starf/starfshlutfall og að viðkomandi hafi verið í vinnu 1. febrúar.

Hvað þýðir þetta í raun?

Launabreytingar frá 1. febrúar 2014:

Kauptaxtar sem eru kr. 230.000 og lægri hækka sérstaklega og nemur hækkinun tæplega 5%. Dæmi: Launaflokkur 1, byrjunarlaun, hækkar um kr. 9.565 og launaflokkur 17, eftir sjö ár, hækkar um kr. 10.107. Aðrir kauptaxtar og kjaratengdir liðir (Bónus, prémía, akkord o.fl.) hækka um 2,8%, þó að lágmarki um kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf verða kr. 214.000 á mánuði fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki.

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu



Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel

Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Þekking sprettur af áhuga

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

